

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Kópavogi, 29. febrúar 2008

Varðar: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005.

Deloitte hf. hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Deloitte hf. fagnar því að 17. gr. laga nr. 44/2005 sé tekin til endurskoðunar, enda hafa ákvæði hennar verið viðskiptalífi hérlendis fjötur um fót í mörgum skilningi.

Deloitte hf. gerir eftirtaldar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins:

1. Ákvæði 3. gr. a í frumvarpinu. (17. gr. a)

Er því sérstaklega fagnað að viðmiðunarfjárhæðir samruna séu hækkaðar. Þær fjárhæðir sem nú eru í lögnum eru allt of lágar með tilliti til umfangs viðskipta á íslenskum markaði almennt. Telur Deloitte hf. þó að hækkan fjárhæða samkvæmt frumvarpinu sé langt í frá nægileg. Telur Deloitte óhætt, í ljósi reynslu okkar af framkvæmd nógildandi ákvæðis, að þær fjárhæðir sem eru í frumvarpinu verði a.m.k. tvöfaldaðar.

Er einnig gerð athugasemd við að skv. 3. mgr. þessarar greinar tekur samruni ekki gildi fyrr en eftir að Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um hann, í stað þess að Samkeppniseftirlit hafi heimild til að ógilda samruna eftir á, eins og er í nógildandi lögum. Helgast athugasemd þessi einkum af tímafrestum þeim er lagt er til að Samkeppniseftirlit hafi sbr. umfjöllun um d lið greinarinnar hér á eftir.

2. Ákvæði 3. gr. c í frumvarpinu (17. gr. c)

Telur Deloitte hf. að í ákvæði þetta vanti tímafresti, ekki sé við hæfi að gefa ótímasetta heimild af þessu tagi sem getur valdið svo mikilli röskun fyrir fyrirtæki sem ógilding samruna hefur í för með sér. Telur Deloitte hf. rétt að tímarammi sem settur er í þessu sambandi sé ekki lengri en 6 mánuðir aftur í tímann.

3. Ákvæði 3. gr. d í frumvarpinu (17. gr. d)

Með þessu ákvæði eru tímafrestir samkeppnisyfirvalda til að koma í veg fyrir að af samruna verði (ógilda samruna sem átt hefur sér stað í nógildandi lögum) lengdur verulega.

Í fyrsta lagi er tilkynningarfrestur Samkeppniseftirlits varðandi hvort fyrirhugaður samruni verði tekinn til athugunar lengdur úr 30 dögum (4,2 vikur) í 25 virka daga (5 vikur hið skemmsta) frá tilkynningu um samruna. Er því í raun verið að lengja frestinn um a.m.k. tæpa viku.

Í öðru lagi er frestur Samkeppniseftirlits til að taka ákvörðun í framhaldi af athuguninni lengdur úr 3 mánuðum (12,6 vikur) í 70 virka daga (14 vikur hið skemmsta) frá tilkynningu um athugun. Er tímabilið þar með lengt um a.m.k. rúma viku, samtals lenging um a.m.k. 2 vikur. Þar að auki er heimild í frumvarpinu til að fá 20 daga í aukafrest, eða rétt tæpar 3 vikur (25 dagar samkvæmt athugasemdum við frumvarpið).

Eru tímafrestir því lengdir úr samtals 16,8 vikum (4 mánuðir) í tæpar 22 vikur hið minnsta, (rúma 5 mánuði). Allir tímafrestir lengjast svo ef aðrir frídagar en helgar, s.s. jól eða páskar, eru á þessu tímabili.

Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið er verið að lengja frestina til samræmis við fresti í Noregi og í Evrópusambandinu. Verður ekki séð að um sambærilegar aðstæður sé að ræða, enda samrunar þeir sem koma til kasta Evrópusambandsins margfalt meiri að umfangi en samrunar á íslenskum markaði, og norskt viðskiptalíf mun umfangsmeira en íslenskt.

Verður að telja að það sé verulegt hagsmunamál fyrir atvinnulífið að fá úr því skorið eins fljótt og auðið er hvort samruni verði samþykktur eða ekki. Verður ekki séð að samrunamál hér á landi séu svo flókin eða viðamikil að þau krefjist lengingar á frestum, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að samruni tekur ekki gildi á þessu tímabili, og geta því fyrirtæki verið í biðstöðu í næstum hálf tveimur árum um hvernig rekstri þeirra verður háttáð í framhaldinu.

Skal einnig bent á að 3. mgr. greinarinnar er í mótsögn við ákvæði c- liðar 3. gr. frumvarpsins.

4. Ákvæði b- liðar 3. mgr. 3. gr. e (b-liður 3. mgr. 17. gr. e)

Er gerð athugasemd að samkvæmt þessu ákvæði er Samkeppniseftirliti heimilt að afturkalla ákvörðun sína um að samruni raski ekki samkeppni ef brotið er gegn skilyrðum sem samruna hafa verið sett, án þess að nokkrir tímafrestir séu tilgreindir í því efni. Er því heimilt að afturkalla ákvörðunina ef einhvern tíman er brotið gegn skilyrðunum, burtséð frá aðstæðum á markaði og öðrum utanaðkomandi aðstæðum á þeim tíma.

Að öðru leyti gerir Deloitte hf. ekki athugasemd við lagafrumvarp þetta.

Virðingarfyllst, f.h. Skatta og lögfræðideildar Deloitte hf.


Hólmfríður Kristjánsdóttir, hdl.


Guðmundur Skúli Hartvigsson hdl.